

- Málsmæðferð áfátt
- Kæruheimild

Úrskurður nr. 10/1997

**Kærandi málsins sætti sig ekki við þá ákvörðun tollstjóra að endurákvörða aðflutningsgjöld vegna innflutnings golfbíls til endursölu. Ríkistollanefnd taldi endurákvörðun tollstjóra kæránlega til nefndarinnar. Endurákvörðunin þótti hins vegar það miklum mannmörkum háð að nefndin felldi hana úr gildi og vísaði málinu aftur til tollstjóra til löglegrar meðferðar.**

Lög nr. 55/1987, 32. gr. 3. mgr., 35. gr., 98. gr., 99. gr. (brl. nr. 69/1996, 25. gr.), 100. gr., 101. gr. (brl. nr. 69/1996, 26. gr.), 142. gr.

Í bréfi, dags. 8. september 1997, kærir A hf. endurákvörðun tollstjóra, dags. 16. júlí 1997, en í henni eru endurákvörðuð aðflutningsgjöld af vörusendingu nr. S STR 18067 US ORF W005.

Í kærinni segir að fyrirtækið hafi flutt inn golfbil til endursölu. Áður en ákvörðun um innflutning hafi verið tekin hafi verið haft samband við Bifreiðaskoðun Íslands og var kæranda tjáð þar að samkvæmt umferðarlögum ætti þessi tegund af vélknúnum ökutækjum að flokkast undir tnr. 8709-1900, enda nái ökutækið ekki 30 km hraða og sé eingöngu notað á golfvöllum.

Í bréfi tollstjóra segir að endurákvörðunin sé byggð á almennum reglum um túlkun tollskrár nr. 1 og er kæranda gefinn kostur á að skjóta máli sínu til ríkistollanefndar ef hann sætti sig ekki við endurákvörðunina.

Hækkun gjalda á golfbil annars vegar vegna tollflokunar innflytjanda í tnr. 8709-1900 og hins vegar tollflokunar tollstjórans í Reykjavík, í tnr 8703-1099, nemur kr. 282.192,-.

Ríkistollanefnd sendi ríkistollstjóra ljósrít af kæru A hf. vegna endurákvörðunarinnar. Í kröfugerð ríkistollstjóra segir svo m.a.:

„Í 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, m.br., er tæmandi talið hvaða stjórnvaldsákvörðanir tollyfirvalda verða kærðar til ríkistollanefndar. Þær eru svonefndar endurákvörðanir ríkistollstjóra, sbr. 35. gr. laganna, úrskurðir tollstjóra, sbr. 100. gr. og ákvarðanir tollstjóra um bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru, sbr. 142. gr. Hins vegar er í 2. másl. 100. gr. tollalaga gert ráð fyrir að ef viðkomandi vill ekki una endurákvörðun tollstjóra á aðflutningsgjöldum skv. 99. gr. laganna geti hann sent tollstjóranum kæru innan 60 daga frá póstlagningardegi tilkynningar tollstjóra um endurákvörðun. Ef aðili vill ekki una endurákvörðun tollstjóra getur hann beint rökstuddri kæru, studdri nauðsynlegum gögnum, til tollstjóra: Ákvörðun tollstjóra í framhaldi af því í úrskurðarformi, má síðan skjóta til ríkistollanefndar. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er rangt það sem kemur fram í niðurlagi tilkynningar tollstjóra um endurákvörðun, þar sem segir að endurákvörðuninni megi skjóta til ríkistollanefndar. Harma ber, að viðkomandi aðila hafi að þessu leyti verið veittar rangar upplýsingar um réttarstöðu sína.

Þess er krafist að máli þessu verði vísað frá ríkistollanefnd.“

Ríkistollanefnd hefur fjallað um málið á fundum og kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Eins og að framan greinir gerir ríkistollstjóri þá kröfu að málinu verði vísað frá ríkistollanefnd þar sem endurákvörðanir tollstjóra skv. 99. gr. tollalaga verði ekki kærðar til nefndarinnar, sbr. ákvæði 101. gr. laganna, en sú grein mælir að mati ríkistollstjóra með tæmandi hætti fyrir um þær stjórnvaldsákvörðanir, sem kærðar verði til ríkistollanefndar. Nefndarmenn geta tekið undir það með ríkistollstjóra að ef lítið er eingöngu til 101. gr. tollalaga vi<sup>132</sup> ekki vera gert ráð fyrir því að endurákvörðun tollstjóra sé kæránleg til ríkistollanefndar og á þeim grundvelli ætti að vísa málinu frá. Það er hins vegar líka ljóst að í 99. gr. tollalaga er sagt berum orðum að endurákvörðun tollstjóra sé kæránleg til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. eins og segir í greininni. Þá má lesa út úr 2. máslíð 100. gr. tollalaga að endurákvörðun tollstjóra megi kæra til tollstjóra. Það hljómar að vísu nokkuð undarlega að endurákvörðun sem tollstjóri á að framkvæma eftir að hafa kallað eftir gögnum og rökstuðningi frá innflytjanda og eftir að hafa rökstutt endurákvörðun sína, eigi að fá þann framgang að innflytjandi skuli snúa sér á ný til sama aðila, þ.e. tollstjóra og krefjast úrskurðar.

Samkvæmt framansögðu má greina nokkurt ósamræmi í lagatextanum. Það er því mikilvægt að túlka lögin með því að skoða þau heildstætt. Í frumvarpi að lögum nr. 69/1996, um breytingu á tollalögum, sbr. þskj nr. 773, 120. Löggjafarþing, kemur m.a. eftirfarandi fram: Í almennum athugasemdum segir að tilgangur löggjafans með lagabreytingunni sé m.a. sá að tryggja borgurunum betur en nú rétt til að fá efnislega umfjöllun sinna mála. Þá er skerpt á upplýsingaskyldu tollyfirvalda um hvaðeina sem snýr að tollafgreiðslu. Í kafla sem ber yfirskriftina „réttaröryggi borgaranna“ kemur fram að umboðsmaður Alþingis hafi að eigin frumkvæði tekið til athugunar skilyrði stjórnsýslukæru til ríkistollanefndar með tilliti til þess að kæruheimild 100. og 101. gr. tollalaga væri of þröng. Í c-lið 25. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um nýja 99. gr. sem fjallar um endurákvörðun gjalda. Í 4. mgr. hennar er að finna kæruheimild til ríkistollanefndar, vegna endurákvörðunar tollstjóra og breyttist hún ekki í meðförum Alþingis. Hér var hins vegar um breytingu frá fyrri lögum að ræða og í athugasemdum frumvarpsins er undirstrikað að með ákvæðum 99. gr. verði réttarstaða innflytjanda betur tryggð er áður. Þá segir orðrétt í 26. gr. nefnds frumvarps, sem er breyting á 101. gr. tollalaga:

„Kæru til ríkistollanefndar.

Úrskurði og ákvörðun tollstjóra skv. 98., 99., 100. og 142. gr. má skjóta til ríkistollanefndar og skal kærufrestur vera 30 dagar, talið frá póstlagningu úrskurðar eða ákvörðunar tollstjóra.“

Eins og greinin er orðuð þarna samræmist hún algerlega 99. gr. núgildandi tollalaga um að endurákvörðun tollstjóra megi

skjóta til ríkistollanefndar. Þessi lagagrein frumvarpsins m.a. sætti síðan breytingum, sbr. breytingartillögu 953 frá efnahags- og viðskiptanefnd. Þessi breytingartillaga varð síðan hinn endanlegi lagatexti 101. gr. tollalaga. Í nefndaráli á þingskjal nr. 953 var þessi breyting skýrð með eftirgreindum hætti: „Lagt er til að ákvæði um málskot til ríkistollanefndar verði gert skýrara þannig að ljóst sé hvaða ágreiningsmálum verði skotið til nefndarinnar. Jafnframt er kærufresturinn lengdur úr 30 í 60 daga.“ Ekkert kemur fram um það í breytingartillögu efnahags- og viðskiptanefndar að hugsunin hafi verið sú að fella niður rétt til þess að bera endurákvörðun tollstjóra beint undir ríkistollanefnd.

Þá er rétt að vekja athygli á dreifibréfi ríkistollstjóraembættisins til tollstjóra og sýslumanna, dags. 30. júlí 1996, en þar segir m.a.: „Málskot til ríkistollanefndar. Innflytjendum hefur verið heimilt að skjóta til ríkistollanefndar tollstjóraúrskurðum skv. 100. gr. tollalaga og endurákvörðun ríkistollstjóra skv. 3. mgr. 32. gr. tollalaga; nú verður einnig heimilt að skjóta til nefndarinnar endurákvörðun tollstjóra og bindandi upplýsingum tollstjóra um tollflokkun vöru.“ Verður ekki annað séð af þessu bréfi ríkistollstjóra en að hann hafi hingað til talið 99. gr. tollalaga fela í sér heimild til að bera endurákvörðun tollstjóra beint til ríkistollanefndar.

Með vísan til framanritaðs telur ríkistollanefnd að túlka beri núgildandi tollalög þannig að 99. gr. tollalaga feli í sér sjálfstæða heimild til þess að skjóta endurákvörðun tollstjóra beint til ríkistollanefndar. Með upptalningu 101. gr. tollalaga að viðbætti endurákvörðun tollstjóra skv. 99. gr. tollalaga eru kærheimildir til ríkistollanefndar tæmandi taldar. Að mati ríkistollanefndar verður að telja að sú niðurstaða að fella <sup>132</sup> málskot og kærur stjórnvaldsákvörðuna. Leiki vafi á kærarleika ákvörðunar tollstjóra vegna óskýrs lagatexta, ber og að skýra þann vafa innflytjanda í hag. Þá má að lokum benda á að sú niðurstaða að tollstjóri fjalli í raun tvisvar um sama málið, fyrst með endurákvörðun en síðan með úrskurði lengir óhjákvæmilega málsmeðferðina hjá tollstjóra, sem er andstætt tilgangi laganna. Frávísunarkröfu ríkistollstjóra er því hafnað.

Í máli þessu kemur þá næst til efnislegrar skoðunar endurákvörðun tollstjórans í V skv. 99. gr. tollalaga. Eins og áður er komið fram sendi tollstjórinn í V kæranda bréf, dags. 16. júlí 1997, þar sem hann endurávarðar aðflutningsgjöld af golfbíl. Tollstjóri breytir tollflokkinum úr tnr. 8709.1900 í tnr. 8703.1099 með vísan til almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1.

Í nefndri 99. gr. kemur skilmerkilega fram hvernig tollstjóri eigi að haga hugsanlegri endurákvörðun sinni. Ef tollstjóri hyggst endurávarða gjöld ber honum í fyrsta lagi að tilkynna viðkomandi skriflega innan 45 daga frá afhendingu vöru, að til endurákvörðunar geti komið og lýsa í meginatriðum þeim ástæðum sem hann telur að eigi að leiða til þess. Þá skal tollstjóri gefa viðkomandi kost á að tjá sig um hina fyrirhuguðu endurákvörðun innan hæfilegs tíma og framvísa gögnum ef því er að skipta. Ef tollstjóri, að fengnum þessum gögnum og upplýsingum, tekur ákvörðun um að endurávarða aðflutningsgjöld, þarf hann að rökstyðja endurákvörðun sína, þannig að ljóst sé á hverju hann byggir hana.

Í endurákvörðun tollstjóra sem hér er til úrlausnar kemur ekkert fram um að tollstjóri hafi sent kæranda bréf innan tilskilins frests um fyrirhugaða endurákvörðun, né að kærandi hafi fengið að koma að sínum sjónarmiðum. Þá kemur ekkert fram í endurákvörðun tollstjóra hvers vegna hann breytir tollflokkinum nefnds golfbíls. Af þessum ástæðum er ekki unnt að taka mál þetta til efnislegrar meðferðar fyrir ríkistollanefnd. Endurákvörðun tollstjóra er það miklum annmörkum háð að fella verður hana úr gildi og vísa málinu aftur til tollstjórans í V til löglegrar meðferðar á ný. Ef tollstjóri hyggst taka málið til endurákvörðunar á ný ber honum að gera það án ástæðulauss dráttar talið frá dagsetningu úrskurðar þessa.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, úrskurðar ríkistollanefnd að máli þessu er vísað til tollstjórans í V til löglegrar meðferðar á ný. Endurákvörðun tollstjórans í V er felld úr gildi.